



Framtíðarsýn Landssamtaka skógareigenda 2012-2022



Samvinna - Þekking – Árangur

Landssamtök skógareigenda, LSE, eru hagsmunasamtök skógarbænda á Íslandi.

Hlutverk

Samtökin stuðla að þekkingaröflun, faglegum vinnubrögðum og miðlun upplýsinga um málefni skógræktar með því að:

- vera aðili að Bændasamtökum Íslands
- eiga samskipti við stjórnvöld, stofnanir, hagsmunaaðila og erlend systursamtök
- vera virkur aðili í stefnumörkun í skógræktarmálum og samhæfingu skógræktarstarfs á Íslandi
- leggja áherslu á mikilvægi rannsókna og þekkingarmiðlunar í skógrækt
- leggja áherslu á nýsköpun og nýtingu skógarauðlindarinnar

Framtíðarsýn

Á Íslandi verði stundaðar mikilvægar rannsóknir og þekkingarmiðlun sem verði grundvöllur framfara í skógrækt.

Framtíðarsýn LSE getur orðið að veruleika með því að:

- öflug menntun verði í skógrækt á háskólastigi, með tengingu við aðrar greinar í háskólasamfélaginu sem og tækni- og fagmenntun fyrir félagsmenn
- félagsmenn hafi góða alhliða þekkingu á starfsgreininni og náttúru Íslands
- íslenskur skógariðnaður vaxi og verði arðbær félagsmönnum og þjóðinni til hagsbóta
- góð tengsl verði ávallt við landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins, Landbúnaðarháskóla Íslands og aðra þá sem vinna að sömu markmiðum og LSE
- fjárhagur samtakanna verði traustur og grundvallist á árgjöldum, framlögum og eðlilegri hlutdeild í styrkjakerfi stjórnvalda á hverjum tíma ásamt því að annast verkefni á sínu sviði gegn þóknun

Markmið

Skógrækt verði arðbær og sjálfstæð atvinnugrein og viðurkennd búgrein með því að:

- staðinn verði vörður um íslenska nytjaskógrækt og hún eflid
- unnið verði að jöfnu og öruggu framboði skógarafurða
- hér þróist fjölbreyttur skógariðnaður
- bestu kvæmi og tegundir verði ávallt notaðar til ræktunar
- eign skógarbænda og réttur til viðskipta með kolefni sem binst í skógum þeirra verði viðurkenndur
- lagt verði mat á verðmæti kolefnis sem binst í skógum félagsmanna
- skógarjarðir verði skipulagðar með tilliti til brunavarna og öryggis
- lögð verði áhersla á markaðsdrifna skógrækt
- rannsóknarstarfsemi og nýting þekkingar stuðli að hagkvæmni íslenskrar skógræktar
- samhliða timburskógrækt verði stunduð umfangsmikil skjólbeltarækt, landbótaskógrækt, jólatrjárækt, berja- og ávaxtarækt ásamt öðrum ábatasömum búskap í skógi
- aðgangur félagsmanna að sérfræðiþjónustu þegar óvænt áföll dynja yfir verði tryggður
- félagsmenn hafi aðgang að gagnagrunni rannsókna í skógrækt

Leiðir að markmiðum

Stuðla ber að því að framlög frá hinu opinbera til landshlutaverkefnanna aukist á ný svo hægt verði að halda áfram að byggja upp skógarauðlind af krafti.

Markmiðum LSE verður að öðru leyti náð með því að:

- unnin verði spá um nýtanlegt magn afurða við tiltekin skilyrði og fjárfestingu
- fram fari rannsóknir á þörfum markaðarins fyrir skógarafurðir svo sóknarfæri séu ljós
- stuðla að stofnun afurðafélags með skógarafurðir sem leita mun samstarfsaðila um úrvinnslu og markaðsmál
- vinna áfram að átaki LSE varðandi nýttar skógarins sem nefnist „skógargull“
- vinna markvisst að gæðastýringu innan greinarinnar
- vinna áfram að 15 ára átaki LSE í ræktun jólatrjáa
- gera brunavarnir í skógi og brunatryggingar skóga að almennri reglu
- stuðla að viðurkenndri vottunarstöð á Íslandi vegna mats og mælinga á kolefnisbindingu og annarra þátta skógarins
- tryggja öflugt samstarf í skógrækt og samræmda vinnu stofnana svo nýta megi rannsóknarfjármagn sem best
- vinna að markmiðum stjórnvalda um nytjaskógrækt

Fræðslustarfsemi, kynningarmál og útgáfa

LSE miðla upplýsingum og sinna fræðslustarfsemi með því að:

- miðla upplýsingum til stjórnvalda, Alþingis og almennings um stöðu, gagnsemi og framtíðarhorfur skógræktar
- standa fyrir fræðsluþingi fyrir félagsmenn í tengslum við aðalfund
- framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn LSE heimsæki aðildarfélög á aðalfundi þeirra
- móta félagskerfið eftir þörfum hvers tíma og horfa til framtíðar
- styðja við útgáfu blaðsins „Við skógareigendur“
- www.skogarbondi.is verði lifandi miðill skógareigenda

Landsamtök skógareigenda (LSE) Stutt greinagerð um samtökin.

Félagið er landssamtök félaga skógarbænda (sem eru 5 talsins) og einstakra skógarbænda sem rækta eða eiga skóg á bújörðum. Skógarbóndi telst hver sá sem uppfyllir skilyrði 3. greinar samþykktu Bændasamtaka Íslands og í atvinnuskyni stundar skógrækt til einhverra nota, s.s. til viðarframleiðslu, vegna ferðaþjónustu, útivistar eða landgræðslu. Alls eru í dag rétt um 600 skógarbændur starfandi í landinu, en innan LSE eru tæplega 950 félagar.

Tilgangur samtakanna er:

1. Að sameina alla skógarbændur landsins í ein búgreinasamtök.
2. Að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta.
3. Að vera samtök og málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum.
4. Að annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við opinbera aðila eða aðra þá sem þeir óska. Einnig við hliðstæð samtök erlendis.
5. Að hvetja til rannsókna og fræðslu skógarbændum til hagsbóta.
6. Að leita leiða til að koma afurðum skógarins í verð.

Landsamtök skógareigenda gæta hagsmuna skógareigenda. Samtökin stuðla að þekkingaröflun, faglegum vinnubrögðum og miðlun upplýsinga um fagleg málefni skógræktar.

LSE hvetur til nýtingar lands á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Með aukinni skógrækt skapast í senn verðmæti tengd nýjum atvinnutækifærum og verðmæti í formi timburs, bindingu koltvísýrings, bættum skilyrðum til matvælaframleiðslu, orkuöryggi með aukinni nýtingu á skógarauðlindinni. Hin jákvæðu umhverfisáhrif skógræktar felast í timburframleiðslu, ræktun og framleiðslu, umhverfisbótum, endurheimt landgæða og aukinni fjölbreytni í lífríkinu.

Samtökin eru traustur og ábyrgur aðili í skógrækt. Samskipti þeirra við alla hagsmunaaðila einkennast af heiðarleika og skilvirkni.

LSE axlar forustuhlutverk á sínu sviði og er virkur þátttakandi í stefnumörkun stjórnvalda á sviði skógræktar og landnýtingar. Samtökin standa fyrir fræðslustarfi á eigin vegum og í samvinnu við aðra aðila og eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem vinnur að sjálfbærri hagnýtingu gæða landsins.

Málflutningur samtakanna er hófstilltur, byggir á þekkingu á viðfangsefninu, virðingu fyrir skoðunum annarra um leið og hagsmuna félagsmanna er gætt í hvívetna. Samtökin njóti virðingar fyrir störf sín í þágu skógræktar og landnýtingar og leggi áherslu á jákvæð, uppbyggileg og gagnkvæm samskipti.

Einkunnarorð LSE eru „Samvinna - þekking - árangur.“